

Kirkjusagan sem útlekking ritningarinnar

Endurskoðun á gamalli tilgátu

Inngangur

Þann 18. júlí 1946 hélt Gerhard Ebeling (1912–2001) fyrirlestur í tengslum við doktorspróf sitt hið meira (stundum kallað prófessorspróf, þ. *Habilitation*) þegar hann hafði fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru til veitingar prófessors-embættis í Þýskalandi og sums staðar annars staðar í Evrópu. Fyrirlesturinn, sem nefnist „Kirchengesichte als Geschichte der Auslegung der heiligen Schrift“, birtist ári síðar í tímaritinu *Zeitschrift für Theologie und Kirche* og síðan aftur 1964 í ritgerðasafni Ebelings: *Wort Gottes und Tradition*.¹ Ebeling hafði þá sinnt prófessorsstöðu í kirkjusögu við háskólann í Tübingen árin 1947–1954 en í kjölfarið færði hann sig yfir í samstæðilega guðfræði. Skrefið var út af fyrir sig stutt því að nán tengsl eru milli kirkjusögu og samstæðilegrar guðfræði í verkum Ebelings og hafa fræðigreinarnar hvor um sig alla tíð verið miðlæggar í fræðiiðkun hans. Áhrif hans sem guðfræðings einskorðast þó ekki bara við kirkjusögu og samstæðilega guðfræði heldur ná þau ótvírætt til allra helstu sviða akademískrar guðfræði. Greinar hans „Kirchengeschichte als Geschichte der Auslegung der heiligen Schrift“ frá 1946 og sömuleiðis „Die Bedeutung der historisch-kritische Methode für die protestantische Theologie und Kirche“ frá 1950 urðu strax, og eru enn, skyldulesning í guðfræðinámi í þýskumælandi löndum og víðar.² Þær kallast á og er gott að lesa þær saman.

Í þessari grein mun ég í upphafi reifa það guðfræðilega samhengi sem Ebeling skrifar inn í stuttu eftir lok síðari heimsstyrjaldar og þá ekki síst þær guðfræðilegu áherslur sem mótað höfðu sýn manna á hlutverk kirkjusögunnar og stöðu hennar innan guðfræðideilda, gera síðan grein fyrir efni greinar hans frá 1946 og veita innsýn í þá umræðu sem skapast hefur um hana á liðnum

¹ Gerhard Ebeling, „Kirchengesichte als Geschichte der Auslegung der heiligen Schrift“, *Wort Gottes und Tradition: Studien zu einer Hermeneutik der Konfessionen*, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 1964, bls. 9–27.

² Gerhard Ebeling, „Die Bedeutung der historisch-kritische Methode für die protestantische Theologie und Kirche“, *Wort und Glaube*, 3. útgáfa, Tübingen: J.C.B. Mohr (Paul Siebeck), 1960, bls. 1–49.

árum en þar ber hæst umfjallanir kirkjusagnfræðinganna Albrechts Beutels, Volkers Leppins³ og Martins Keßlers og trúfræðingsins Michaels Roths.⁴

Guðfræðilegt samhengi

Óhætt er að fullyrða að innan guðfræðideilda hafi frjálsslynda guðfræðin gamla sett kirkjusöguna og kirkjusögulegar rannsóknir í heiðurssæti. Adolf von Harnack (1851–1930), sem telja má til annarrar kynslóðar frjálsslyndu guðfræðinganna, hafði lagt áherslu á miðlægt vægi hennar fyrir akademíska guðfræði og kirkju. Harnack vísaði þar til þess að rannsóknir á kirkjusögu og almennar sagnfræðirannsóknir eiga samleið út frá þeim rannsóknaraðferðum sem þar hefðu þróast og væri beitt.⁵ Sérstaða kirkjusögunnar væri alfarið afmarkað viðfangsefni hennar, saga kristinnar kirkju og kristindóms, og hefði hún ekkert með sannleiksgildi einstakra trúarsetninga að gera.⁶ Næsta kynslóð guðfræðinga eftir Harnack tók undir þetta sjónarmið en þar nægir að nefna Karl Heuss (1877–1961), sem samdi m.a. fræga kennslubók í kirkjusögu (gjarnan nefnd kennslubókin með ákveðnum greini) en hún kom út á árunum 1907 til 1991 í alls 18 útgáfum. Annar frjálsslyndur guðfræðingur, Ernst Troeltsch (1865–1923), sem var meðal helstu fulltrúa trúarbragðasögulega skólans, skilgreindi kirkjusögu og guðfræði sem „historische Kulturwissenschaft des Christentums“, þ.e. sagnfræðilega menningarfræði kristindómsins.⁷

Helstu fulltrúar díalektísku guðfræðinnar töldu eftir fyrri heimsstyrjöld að hildarleikurinn hefði grafið undan trúverðugleika frjálsslyndu guðfræðinnar sem hefði tæmt kirkjusöguna merkingu og grafið undan sögusýn kristinnar. Forvígismenn díalektísku guðfræðinnar vildu snúa þróuninni við og létta af kirkjusögunni byrði slíkra gagnrýninna sagnfræðilegra nálgana. Karl Barth (1886–1968) hélt því fram að sú veraldarvæðing og afhelgun sem frjálsslynda guðfræðin gamla stóð fyrir hafi í reynd ekki létt handleiðslu Guðs af sögunni, heldur einungis sett manninn í miðpunkt alls. Sú þróun sem fulltrúar hennar álitu sig geta lesið inn í söguna og mat þeirra á henni sem skólagöngu eða þroskasögu mannsins hefði veitt þeirri sýn brautargengi að maðurinn yrði þar með smám saman hálfgerð goð. Hildarleikur fyrri heimsstyrjaldar hefði afhjúpað slíkan fagurgala sem fáránlegan. Barth vill létta þessari byrði af kirkjusögunni með því að færa hana úr hefðarsæti sínu innan guðfræðideildanna. Í

³ Albrecht Beutel, „Kirchengeschichte als Auslegung der heiligen Schrift: Ein tragfähiges Modell?“, *Historiographie und Theologie*, ritstj. Wolfram Kinzig, Volker Leppin og Günther Wartenberg, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2004, bls. 103–118; Volker Leppin, „Kirchengesichte zwischen historiographischem und theologischem Anspruch“, *Historiographie und Theologie*, ritstj. Wolfram Kinzig, Volker Leppin og Günther Wartenberg, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2004, bls. 223–234; Martin Keßler, „Kirchengeschichte als Auslegung der heiligen Schrift: Gerhard Ebelings handschriftliche Vorbereitung seiner Habilitations-Probevorlesung 1946“, *Kirchengeschichte: Historisches Spezialgebiet und/oder theologische Disziplin*, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2020, bls. 283–320.

⁴ Michael Roth, „Was kann der Systematiker von der Kirchengeschichte erwarten, wenn er überhaupt etwas erwarten darf?“, *Kirchengeschichte: Historisches Spezialgebiet und/oder theologische Disziplin*, ritstj. Claudia Kampmann, Ulrich Volp, Martin Wallraf og Julia Winnebeck, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2020, bls. 409–421.

⁵ Albrecht Beutel, „Kirchengeschichte als Auslegung der heiligen Schrift“, bls. 104.

⁶ Kurt Nowak, „Theologie, Philologie und Geschichte: Adolf von Harnack als Kirchenhistoriker“, *Adolf von Harnack: Theologe, Historiker, Wissenschaftspolitiker*, ritstj. Kurt Nowak og Otto Oexle, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 2001, bls. 189–237.

⁷ Albrecht Beutel, „Kirchengeschichte als Auslegung der heiligen Schrift“, bls. 104.

trúfræðiriti sínu frá 1922 afmarkar hann hlutverk kirkjusögunnar innan guðfræðinnar sem mikilvægra vísinda sem liggja fræðistörfum á sviði ritskýringar, trúfræði og kennimannlegrar guðfræði til grundvallar og styðji þau. Af þessu má leiða að kirkjusagan hafi ekki sjálfstæða og óháða rödd þegar komi að því að túlka opinberun Guðs og ræða hana innan kristindómsins. Barth sá þó ástæðu til þess að rétta þetta sjónarmið aðeins af þegar hann, í öðrum hluta trúfræði sinnar frá 1938, segir að það sé hlutverk kirkjusögunnar að gera grein fyrir útlekkingum á orði Guðs í farvegi sögunnar.⁸ Í slíku samhengi sé nauðsynlegt að nýta sér aðferðir sögurýnnar (þ. *historisch-kritische Forschung*).

Rudolf Bultmann (1884–1974) hafnaði ekki heldur aðferðum sögurýnnar og beitti þeim raunar markvisst í rannsóknum sínum. Bultmann taldi aftur á móti mikilvægt að greina vel þær tilvistarspurningar sem nútímamaðurinn glímdi við og mótuðu sjálfkrafa nálgun hvers rannsakanda á viðfangsefni sínu jafnt meðvitað sem ómeðvitað. Bultmann studdist þar við greiningu Wilhelms Diltheys (1833–1911) og Martins Heideggers (1889–1976) á tilvistarlegri stöðu nútímamannsins.⁹ Að mati Bultmanns eru sagan og sögulegar rannsóknir samofnar sjálfsskilningi mannsins og vitund hans um sjálfan sig sem sögulega veru.¹⁰ Ekki sé því mögulegt að stunda sögulegar rannsóknir án þess að gera sér grein fyrir þeirri tilvistarlegu stöðu sem er sameiginleg öllum sem að málinu koma: rannsakanum, höfundu heimildarinnar og þeim sem heimildin fjallar um.¹¹

Í grein Ebelings er vísað til þessara sjónarmiða og leitast hann við að færa hlutverk kirkjusögunnar úr því öngstræti afstæðishyggju sem frjálslynda guðfræðin gamla leiddi til og sömuleiðis úr því þjónustuhlutverki sem hún hafði síðar verið sett í á forsendum samstæðilegrar guðfræði.

Greining Gerhards Ebelings

Ebeling segir að sagnfræðirannsóknir hafi löngum verið fyrst og fremst stundaðar til þess að maðurinn læri af sögunni eitthvað um sjálfan sig. Þess vegna hafi það ekki nægt sagnfræðingi (og þar með kirkjusagnfræðingi) að afmarka viðfangsefni sitt við sögu stjórn mála, efnahagsmála, hugmynda, menningar og þess háttar.¹² Ebeling nýtir sér hér nálgun Bultmanns sem leggur áherslu á vægi sögurýnnar¹³ þar sem hún komi í veg fyrir að rannsakaninn falli í gryfju þeirrar tvíhyggju að skipta sögunni í hjálpræðissögu og almenna sögu. Slík tvíhyggja hafi verið ráðandi í kirkjusögurannsóknnum allt frá kirkjusögulegum skrifum Evsebíusar (260–340) og Ágústínusar (354–430) og fram

⁸ Sama heimild, bls. 105. Um er að ræða tilvitnanir í trúfræðirit Karls Barth, annars vegar *Die Kirchliche Dogmatik 1.I*, 10. útgáfa, Zürich: Theologischer Verlag, 1981, bls. 2; og hins vegar *Die Kirchliche Dogmatik 1.II*, 6. útgáfa, Zürich: Theologischer Verlag, 1975, bls. 764.

⁹ Konrad Hamann, *Rudolf Bultmann: Eine Biographie*, Tübingen: Mohr Siebeck, 2009, bls. 192–206.

¹⁰ Walter Schmithals, *Die Theologie Rudolf Bultmanns*, 2. útgáfa, Tübingen: J.C.B. Mohr (Paul Siebeck), 1966, bls. 312–317.

¹¹ Rudolf Bultmann, „Das Verständnis der Geschichte im Griechentum und im Christentum“, *Glauben und Verstehen* 4, Tübingen: J.C.B. Mohr (Paul Siebeck), 1965, bls. 91–103.

¹² Gerhard Ebeling, „Kirchengesichte als Geschichte“, bls. 15.

¹³ Gerhard Ebeling, „Die Bedeutung der historisch-kritische Methode“, bls. 35–37 og 46–47.

að tíma sögurýnnar á nítjándu öld. Fram að því hafi skiptingin milli í ríki Guðs og ríki heimsins skipt sköpum innan kirkjusögurannsókna.¹⁴

Þetta komi vel fram í sögusýn rómversk-kaþólsku kirkjunnar en þar er saga kirkjunnar sögð rökrænt framhald af holdtekju Guðs sonar í rás mannkyns-sögunnar. Kirkjusögunni tilheyrir þar með allt sem snertir veruleika rómversk-kaþólsku kirkjunnar sem trúarsamfélags og stofnunar. Meginforsendan sé „að kirkjan getur bara vaxið, kenning hennar þróast í fullkomnari samsvörun við sjálfsmynd hennar og stöðuleika“.¹⁵ Kirkjusagan sé hér stunduð undir formerkjum trúvarnar eða til að renna stoðum undir kennivald kirkjunnar. Sagnfræðingar hafi á forsendun sögurýnnar náð að rökstyðja að þessi sýn standist ekki nánari skoðun.

Svipað sé uppi á teningnum varðandi kirkjusögutúlkun fulltrúa ýmissa vingl trúarstefna (þ. *schwärmerische Kirchengeschichtsbegriff*). Áherslan þar sé hin sama en með öfugum formerkjum. Hjá þeim sé saga kirkjunnar, þegar upp er staðið, saga syndafalls. Þeir segi að þar sem greint sé í ritum Nýja testamentisins frá upprunalegri stöðu kirkjunnar í frumsöfnuðinum, beri að gera hana að mælikvarða fyrir sanna birtingarmynd kirkjunnar í gegnum söguna og hvernig kristinn söfnuður eigi að starfa. Samhengið á milli kirkjustofnunarinnar og opinberunar Guðs í Kristi sé út frá þessu sjónarmiði ekki einungis spennu-hlaðið, heldur að ýmsu leyti andstætt. Afleiðingin sé sú að það sem kirkjan eigi að standa fyrir leysist upp í andlegan veruleika handan sögunnar. Opinberun Guðs sé fyrir vikið metin sem lóðréttur veruleiki sem máir út öll tengsl við láréttan veruleika sögu kirkju og kristni.¹⁶

Innan siðbótarinnar hafi verið leitast við að spyrna fótum við slíkri tvíhyggju og þeim öfgum sem fylgt geta henni og það hafi m.a. verið gert í 7. grein Ágsborgarjåtningarinnar:

Ein, heilög kirkja mun ávallt vera til, en kirkjan er söfnuður heilagra, þar sem fagnaðarerindið er kennt hreint og sakramentunum er veitt rétt þjónusta. Til að sönn eining ríki í kirkjunni er nóg, að menn séu sammála um kenningu fagnaðarerindisins og þjónustu sakramentanna.¹⁷

Af þessari grein Ágsborgarjåtningarinnar dregur Ebeling þá ályktun að kirkju-sagan sé í grunninn útleggingsarsaga ritningarinnar. Hann segir hana marglaga og ekki *bara* bundna við ritskýringu, boðun og helgisiði, heldur einnig við þau áhrif sem hún hafi haft í viðum skilningi. Um sé að ræða hvernig opinberun Guðs í Kristi, sem ritningin vitnar um, hafi haft áhrif m.a. á einstaklinga, fjöl-skyldur, söfnuði, kirkjuna sem stofnun og menningarlega og félagslega mótun samfélaga. Það er í þessu samhengi sem Ebeling snýr sér að guðfræðiiðkun og faglegri samsetningu guðfræðideilda. Þegar nánar sé að gætt komi í ljós að hinar ýmsu greinar guðfræðinnar fáist allar, hver með sínum hætti, við ákveðna þætti þessarar útleggingsarsögu, ekki samt hver í sínu horni heldur skarist nálganir þeirra að öllu jöfnu verulega. Þannig sé óheppilegt að eitt fag einangri sig frá öðru, hvað þá að það upphefji sig yfir önnur. Slíkt leiði aðeins í það öngstræti

¹⁴ Gerhard Ebeling, „Kirchengesichte als Geschichte“, bls. 16–17.

¹⁵ Sama rit, bls. 19.

¹⁶ Sama rit, bls. 20.

¹⁷ Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játur*, 2. útgáfa, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1991, bls. 188.

sem Karl Barth rataði í á sínum tíma, alveg eins og frjálslynda guðfræðin gamla hafði áður gert með afstæðishyggiu sinni.¹⁸

Nálgun Ebelings varð strax umdeild og var hann ýmist sakaður um að afmarka viðfangefni kirkjusögunnar um of eða gera það of vítt. En þegar fram í sótti öðlaðist greining hans smám saman æ víðtækari viðurkenningu, einmitt vegna þessarar áherslu á víðtækt vægi kirkjusögunnar til jafns við aðrar fræðigreinar þar sem þær fléttast saman.¹⁹ Í seinni tíð hafa fræðimenn þó tekið að endurskoða kenningu hans, ekki síst með það í huga að laga hana að þeim spurningum sem kirkjusögurannsóknir standa frammi fyrir í dag.

Endurskoðun sjónarmiðsins

Albrecht Beutel gerir grein fyrir sýn sinni á hlutverk kirkjusögunnar í innsetningarfyrirlestri sínum sem prófessor í kirkjusögu við háskólann í Tübingen í Þýskalandi 25. október 1991 og tekur þar undir það vægi sem Ebeling eignar 7. grein Ágsborgarjátningarinnar. Hann útfærir sjónarmið hans nánar og segir það hlutverk kirkjusögunnar að greina raungervingu kristindómsins í sögunni.²⁰ Athygli vekur að hann skiptir út hugtakinu *kirkja* fyrir hugtakið *kristindómur* og vill þannig létta af kirkjusögunni byrði hins hjálpræðissögulega skema.²¹ Beutel varar við tvenns konar hættu sem beri að forðast í kirkjusögulegum rannsóknum: annars vegar guðfræðilausri sagnfræðivæðingu kirkjusögunnar og hins vegar ósögulegri trúfræðivæðingu hennar.²² Beutel útfærir þetta nánar og tengir áherslu Ebelings þar við greiningu Friedrichs Nietzsches (1844–1900) á vægi sögunnar.

Beutel tekur undir þau sjónarmið Nietzsches að ekki eigi að líta á söguna sem *námu* (þ. *Steinbruch*) fyrir vinnslu og mótun fyrirmýnda, hefða eða minninga. Slíkt eigi sér stað þegar kirkjusagan sé nýtt til að styðja og réttlæta guðfræðilega sýn rannsakandans.²³ Beutel telur það ekki samrýmast því sjónarmiði Ebelings að stunda beri sagnfræðilegar rannsóknir til að læra eitthvað um sjálfan sig og mennsku mannsins með því að virða þær spurningar sem sagan vekir.

Beutel gagnrýnir sömuleiðis þá freistni sem margir fræðimenn hafi fallið í: að gefa sig *alfarið* á vald einhverrar afmarkaðrar sýnar á heimildir og fyrir vikið taki þeir ekki mið af öðrum sjónarmiðum sem skýrt geti þær og einblíni að auki svo á smáatriði sem eigi að styðja greiningu þeirra að þeir missi sjónar af heildarmyndinni. Fyrir vikið verði allt jafn mikilvægt í viðkomandi heimildum og rannsakandinn vinni samviskusamlega að því sem Nietzsche kallar framleiðslu endalausra leiðinda. Fræðimaðurinn týni sér í afmarkaðri heimildavinnu án nokkurra tengsla við þær spurningar sem hann og samtíðarmenn hans glíma

¹⁸ Gerhard Ebeling, „Kirchengesichte als Geschichte der Auslegung der heiligen Schrift“, bls. 25–27.

¹⁹ Albrecht Beutel, „Kirchengeschichte als Auslegung der heiligen Schrift“, bls. 109–114.

²⁰ Albrecht Beutel, „Vom Nutzen und Nachteil der Kirchengeschichte: Begriff und Funktion einer theologischen Kerndisziplin“, *Protestantische Konkretionen*, Tübingen: Mohr Siebeck, 1998, bls. 1–27.

²¹ Sama rit, bls. 5.

²² Sama rit, bls. 11.

²³ Sama stað.

við.²⁴ Slík gagnrýni á kirkjusöguna megi samt, að mati Beutels, ekki beinast að sjálfri heimildavinnunni heldur aðeins að því hvernig kirkjusagan er nýtt. Í því samhengi hafi sjónarmið Ebelings enn vægi.

Í grein sem Beutel skrifar 25 árum síðar reifar hann sjónarmið Ebelings á ný og ítrekar þar að viðfangsefni kirkjusögunnar sé „raungerving hins kristna í sögunni“ (þ. *die Geschichte der Inanspruchnahme des Christlichen*)²⁵ og setur kirkjuhugtakið þar með í anda Ernsts Troeltsch í menningarsögulegt samhengi.

Kirkjusagnfræðingurinn Volker Leppin tekur svipaðan pól í hæðina. Hann telur vandann ekki einungis fölginn í því að hlutverk kirkjusögunnar sé skilgreint innan almennra sögurannsókna, heldur þurfi ekki síður að létta af henni byrði þess þjónustuhlutverks sem m.a. Karl Barth vildi setja hana í.²⁶ Hann grípur hér til sjónarmiða Ebelings um mikilvægi þess að nálgast kirkjusöguna út frá 7. grein Ágsborgarjátningarinnar. Leppin segir að þó svo að kirkjusagan þarfnist trúfræðinnar, sé það eftir sem áður verksvið kirkjusagnfræðinga að orða hana.²⁷ Máli sínu til stuðnings vísar Leppin til félagsfræðingsins Thomasar Luckmanns (1927–2016) sem segir að það sé hlutverk kirkjusögunnar að greina táknheim kristindómsins og birtingarmynd hans innan sögunnar en þar skipti bæði menningarsagan og félagssagan verulegu máli. Að mati Leppins er hægur vandi að nálgast táknheim kristinnar með m.a. þeim aðferðum sem þróaðar hafa verið innan trúarbragðafræða og nýta þær í kirkjusögulegum rannsóknum.²⁸

Trúfræðingurinn Michael Roth vísar í grein sinni til þeirrar fjölhyggju sem víða sé að finna innan guðfræðinnar nú á dögum í vísindalegum nálgunum. Hann staldrar sérstaklega við kenningar Barths og Wolfharts Pannenberg (1928–2014) og segir úrlausnir þeirra háðar annmörkum sem séu of þröngar fyrir allar helstu greinar guðfræðinnar. Roth beinir í framhaldinu sjónum að samstæðilegri guðfræði og segir það hlutverk fulltrúa hennar að rannsaka, prófa og reifa sannleikskröfu kristindómsins.²⁹ Þar eigi samstæðilega guðfræðin samleið með kirkjusögunni sem nálgist viðfangsefnið eins og það þróast í framrás sögunnar.³⁰ Þar sé viðfangsefnið samofið þeirri spennu sem sé á milli þess sem boðað er og þess hvernig það raungerist í lífi fólks, þ.e.a.s. spennunnar á milli hugmyndar og raunmyndar.³¹

²⁴ Sama rit, bls. 13.

²⁵ Albrecht Beutel, „Kirchengeschichte als Auslegung der heiligen Schrift“, bls. 115.

²⁶ Volker Leppin, „Kirchengesichte zwischen historiographischem und theologischen Anspruch“, bls. 223.

²⁷ Sama rit, bls. 227.

²⁸ Sama rit, bls. 231–237.

²⁹ Michael Roth, „Was kann der Systematiker von der Kirchengeschichte erwarten, wenn er überhaupt etwas erwarten darf?“, bls. 414.

³⁰ Sama rit, bls. 418.

³¹ Sama rit, bls. 419.

Niðurstaða

Ljóst má vera að viðfangsefni kirkjusögunnar, afmörkun þess og sérstaða er sístætt. Sjónarmið Ebelings í þeim efnum hafa óneitanlega enn vægi að ýmsu leyti og knýja menn til að útfæra það nánar og heimfæra í fræðilegri og samfélagslegri umræðu. Viðfangsefni kirkjusögunnar er enn hið sama, þ.e.a.s. útlekking ritningarinnar í aldanna rás.